



Stjórnandinn: Jákvæður með bundið fyrir bæði eða meðvitaður bjartsýnisalki?

*Ráðstefna um samræmingu fjölskyldulífs og
atvinnu, Akureyri 12. apríl 2012*

Gyða Margrét Pétursdóttir
Aðjúntkt í kynjafræði við Stjórn málafræðideild
HÍ



Fjölskyldu- og atvinnumál=jafnréttismál

Konur


- Meðalfjöldi vinnustunda á viku: 35
- Meðalfjöldi vinnustunda á viku í fullu starfi: 41

Karlar

- Meðalfjöldi vinnustunda á viku: 44
- Meðalfjöldi vinnustunda á viku í fullu starfi: 47



Ólík meðul fyrir ólíka hópa





Jákvæður með bundið fyrir bæði

Þá var einhver mjög mikil barátta þar í sambandi við kvenfólk, það var einhver femínisti þarna sem að þau kalla femínistann svona í gríni, það voru einhverjar stelpur þarna sem að, eins og ég les það, ætluðu bara að forcera í gegn einhverju fiftý, fiftý hlutfalli einhverju svoleiðis, þannig að hérna, en þú sást það til dæmis í þjónustudeildinni, svaka mikið af kvenfólki þar, ef við færum hérna upp í bókhaldið og innheimtuna það er eintómt kvenfólk.



Jákvæð með bundið fyrir bæði

Ég held að ég sé kröfuhörð, en ég legg mjög mikið upp úr því að vera sanngjörn... þó að maður hafi mjög mikinn metnað fyrir hönd þess sem að við erum að gera og maður vilji gera það af fyllstu alúð og eins bara vel og mannlegur máttur leyfir að þá reyni ég líka að vera sveigjanleg... ég hef tröllatrú á því að treysta fólki og treysta því til þess að hafa þá þennan sama metnað og ég fyrir því sem það er að gera og það vilji leggja sig fram, vilji skila sínu vel... Í mínum huga er ekki beint til kaffitími og þetta er kannski eitthvað sem að hentar ekki öllum, þannig að ég er ekkert mikið í því að fara á kaffistofuna og sitja og spjalla og eitthvað. Það er bara ekki eitthvað sem er partur af því sem ég geri sérstaklega vel eða hef áhuga á að gera... en fyrir suma skiptir það rosalega miklu máli að vinnufélagarnir setjist niður og borði saman í hádeginu eða spjalli í kaffitímanum eða eitthvað svoleiðis. Og ég hef bara einhvern veginn, ég kveiki ekkert alveg á þessu...



Meðvitaður bjartsýnisalki

Þetta er bara skipulag ég bara tek ekki undir það að maður þurfi að vera að vinna of mikið... Ég sé nú einhver starfssystkini mín vinna töluvert meira held ég heldur en ég geri, alltaf á vaktinni... Það er dáiðið gert ráð fyrir því.



Meðvitaður bjartsýnisalki

Ég fékk líka viðbrögð á það stuttu eftir að ég byrjaði, frá konum hérna innanhúss, að þeim fyndist mjög jákvætt að ég talaði um börnin mín því að það gæfi þeim líka, þú veist, í vinnunni þá megum við tala um börnin okkar... Við erum mæður, við erum feður, við erum með fjölskyldur, það skiptir máli, vinnan er hluti af lífinu... Þegar við komum að því sem skiptir í alvöru, alvöru máli þá vita náttúrulega allir hvað það er, þegar við stöndum einhvern tímann frammi fyrir vali.



Brjálæðisleg aðgerð

Ég er farinn að gera svona hluti eins og að taka mér bara frí og vera með krökkunum þegar konan er að vinna, hún vinnur langa vinnudaga og eins og síðustu jól þá var mjög gott að fara upp í leikskóla og skrá stelpuna í frí frá fimmtánda desember. Þar með var ég bara grándaður.